

55

12. apríl

REGLUGERÐ**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 1. september 1939.****1. gr.**

Á eftir VIII. kafla reglugerðarinnar komi nýr kafli, er verði IX. kafli, svo hljóðandi:

Gjald samkvæmt 11. gr. hafnarlaganna 3. f.

Af bátum, sem gerðir eru út frá Dalvík, greiðist gjald afla þannig:

1. Af þorskveiðum greiðist $1\frac{1}{2}\%$ af brúttó söluverði afla, lifur meðtalin.
2. Af sildveiðum greiðist $\frac{1}{2}\%$ af brúttó-afla.

2. gr.

Útgerðarmaður bátsins ber ábyrgð á, að gjald þetta sé greitt hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga í lok hverrar vertíðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. september 1931 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1944.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

56

14. apríl

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorsteins Hjartar Árnasonar hreppstjóra og Matthildar Guðmundsdóttur ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. apríl 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Þorsteins Hjartar Árnasonar hreppstjóra og Matthildar Guðmundsdóttur ljósmóður, sem bjuggu á Dyrhólum 1872 til 1905.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þorsteins Hjartar Árnasonar hreppstjóra og Matthildar Guðmundsdóttur ljósmóður.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er jörðin Dyrhólar (Vesturhús) í Dyrhólahreppi innan Vestur-Skaftafellssýslu.

Jörðin var eign nefndra hjóna og gekk að þeim látnum í arf til barna þeirra, sem með skjali þessu gefa hana Dyrhólahreppi til fullrar eignar og umráða, með jarðarhúsum og tilheyrandi mannvirkjum ásamt kúgildum, reka á fjörur jarðarinnar og öllum öðrum hlunnindum, sem henni tilheyrir. Jarðarhúsin nema að krónutali 1450.00 — fjórtán hundruð og fimmtíu — krónum.